

# Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2009-2010

## Flutt á aðalfundi félagsins 9. febrúar 2010

### 41. starfsár

Nýliðið starfsár hefur verið afar viðburðaríkt og gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Skýrslutæknifélagsins á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegrri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, jafnframt því að koma á jafnvægi í fjármálum félagsins. Óhætt er að segja að þessum markmiðum var náð því félagsstarfið var mjög öflugt þó svo að skera hafi þurft mikið niður í rekstri félagsins.

Fjöldi félagsmanna stóð nokkurn veginn í stað milli ára og eru félagar nú **738** talsins. Á komandi starfsári verður mikil áhersla lögð á að fjölga félögum og nú þegar hafa fyrstu skrefin verið tekin í þá átt. Stofnaður var vinnuhópur árinu sem hafði það að markmiði að einfalda verðskrá félags- og ráðstefnugjalda með það fyrir augum bæði að fjölga félögum og gestum á viðburði félagsins.

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður á árinu og voru stofnfélagar 50 talsins.

#### Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2009:

Magnús Hafliðason, formaður

Sigrún Gunnarsdóttir, varaformaður

Bjarni Sigurðsson, gjaldkeri

Ragnheiður H. Magnúsdóttir, meðstjórnandi og ritari

Hjörtur Grétarsson, meðstjórnandi

Ásrún Matthíasdóttir, meðstjórnandi

Jón Heiðar Þorsteinsson, varamaður

(Elín Granz, varamaður)

Stjórnin hélt 10 bókaða stjórnarfundum auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni. Fyrsti samráðsfundur stjórnar og forsvarsmanna fagahópana þótti vel heppnaður og verður vonandi fastur liður í dagskrá félagsins á komandi árum.

## Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 24 atburðum á árinu, sem er töluvert meira framboð en undanfarin ár. Haldnar voru fjórar ráðstefnur og tíu hádegisverðarfundir. Átta örnámskeið voru

haldin en örnámskeiðin eru vel heppnuð nýjung í starfsemi félagsins. Faghópar voru mjög virkir við ráðstefnu- og fundahöld en alls tóku um **1.403** þátt í atburðum félagsins á starfsárinu.

## Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Ritnefnd hélt 13 fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út á pappír í nóvember mánuði.

Framan af ári sá Einar H. Reynis, fyrrum formaður ritnefndar og stjórnarmaður Ský, um að fréttir úr upplýsingatæknigeiranum birtust dagalega á vef félagsins. Einar hætti þessu starfi á árinu eftir að hafa í heild birt u.þ.b. 900 greinar vefnum. Þorvarður Kári Ólafsson formaður ritnefndar hefur síðan séð um birta fréttir á vefnum ásamt framkvæmdastjóra Ský. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim báðum og allri ritnefndinni fyrir frábært starf.

## Faghópar

Faghópar Ský eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar eru 70.
- Öldungadeild, formaður er Jóhann Gunnarsson, félagar eru 33.
- UT-konur, formaður er Marta Kristín Lárusdóttir, félagar eru 83.
- Fjarskiptahópur, formaður er Sæmundur E. Þorsteinsson, félagar eru 36.
- Öryggishópur, formaður er Svavar Ingi Hermannsson, félagar eru 41.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, formaður er Halla Björg Baldursdóttir, félagar eru 50.
- Faghópur um árangursríka vefstjórn, formaður er Sigmundur Halldórsson, félagar eru 22.

## ECDL/ICDL - Tölvuökuskírteini

Á árinu voru gefin út sjö ECDL heildarskírteini sem er töluvert minna en árið áður. Jafnframt voru gefin út 51 ECDL Start skírteini sem er svipað og áður. Ekki hefur tekist að koma út nýrri útgáfu af prófunum til prófmiðstöðvanna og því ljóst að prófum fer fækkandi þar sem þau taka einungis á eldri útgáfum kerfa.

Þýðingu á ECDL Health lauk að mestu á síðastliðnu ári en heilbrigðisráðuneytið hefur prófið undir sínum verndarvæng. Endurgera þarf hluta af þýðingunni áður en hægt er að taka prófið í gagnid þar sem gerðar voru nokkuð miklar breytingar á lögum um rafræna sjúkraskrá og þarf því að uppfæra efnið í takt við það. Það er á stefnuskrá stjórnar að hægt verði að bjóða heilbrigðistarfsmönnum að taka þessi próf á næsta ári og geta þannig fengið staðfestingu á hæfni og þekkingu við skráningu sjúkragagna.

Tap var á þessum málaflokki árið 2009 sem skýrist að mestu vegna hækkunar á evru og því árgjaldi til ECDL án þess að árgjald til prófmiðstöðva hafi verið hækkað á móti. Ný stjórn stendur því frammi fyrir því hvað skuli gera með ECDL prófin og hvort það er þess virði að halda þeim áfram.

## Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar, í samráðsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins og í fjarskiptaráð samgönguráðuneytisins.

## Erlent samstarf

Skýrslutæknifélag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga, bæði á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári, m.a. í tengslum við þróun ECDL. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu voru ekki sóttir fundir erlendis á árinu en vonandi verður mögulegt að sækja fundi á þessu ári.

## Afkoma félagsins

Skýrslutæknifélagið hefur ekki farið varhluta af því hruni sem varð hér á landi í október 2008 og hafa tekjur félagsins lækkað töluvert frá því sem áður var. Í lok ársins 2009 er tap félagsins kr. 2.338.774 kr. Stjórn félagsins hefur nú þegar gripið til aðgerða til að koma á jafnvægi í rekstri félagsins með það að markmiði að hagnaður verði af rekstrinum á komandi starfsári.

## Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 41 árs og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Engjateigi 9, þar sem starfar einn starfsmaður. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Árið 2009 var ár breytinga hjá Skýrslutækni félaginu. Nauðsynlegt var að minnka rekstrarkostnað félagsins og var því tekin sú ákvörðun að fækka starfsmönnum um einn. Guðbjörg Baldvinsdóttir lét af störfum í apríl og á haustdögum urðu framkvæmdastjóraskipti þegar Arnheiður Guðmundsdóttir kom til starfa en hún tekur við starfi Pálinu Kristinsdóttur. Ég vil þakka þeim Pálinu og Guðbjörgu fyrir vel unnin störf og gott samstarf.

Þrátt fyrir niðurskurð og erfitt rekstraumhverfi hefur starfsemi félagsins á árinu verið mjög öflug og ber fjöldi viðburða í nafni félagsins gott vitni um það. Við teljum vel mögulegt að reka félagið áfram af sama og jafnvel meiri krafti á komandi starfsári en það byggist auðvitað á mikilli vinnu framkvæmdastjóra sem og aukinni þátttöku félaga og faghópa við undibúning og skipulagningu viðburða.

Á árinu hefur mikill tími stjórnar farið í endurskipulagningu félagsins í kjölfar breytinga á aðstæðum í þjóðfélaginu. Við teljum að ágætlega hafi tekist til og nú sé mögulegt að horfa fram á veginn og efla félagið enn frekar. Stefnumótunarvinna í kjölfar breyttra aðstæðna er nú þegar hafin og vænta má að félagar munu fara að sjá árangur af þeirri vinnu á komandi starfsári.

Nú verður nokkur endurnýjun í stjórn félagsins. Einn stjórnarmaður hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Einnig þarf að fylla sæti varamanns, en Elín Granz hætti sem varamaður á starfsárinu. Á hinn bóginn hefur nýtt og efnilegt stjórnarfolk gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins og eru miklar væntingar bundnar við að með því komi nýjar hugmyndir og kraftur sem eflt geti félagið enn meira.

Ég vil nota tækifærið og þakka Ásrúnu Mattíasdóttur Ásrún hefur starfað í stjórn félagsins um 3 ára skeið. Hún mun þó starfa áfram í ritnefnd Ský. Kæra Ásrún, ég vil f.h. félagsins færa þér okkar bestu þakkir fyrir framlag þitt til félagsins og einnig mjög ánægjulegt og gott samstarf á liðnum árum.

F.h. stjórnar Skýrslutækni félags Íslands,  
Magnús Hafliðason, formaður.